

Ársskýrsla Hraunbúa

2019



Efnisyfirlit

STJÓRN HRAUNBÚA STARFSÁRIÐ 2018 -2019	4
Inngangur	4
Störf félagsráðs	5
Störf stjórnar	5
Störf foringjaráðs.....	5
Sjálfboðaliðar	5
Viðburðir	6
Skíðaferð á Akureyri	6
Páskabingó	6
Sumardagurinn fyrsti.....	6
Vormót Hraunbúa 2018	6
17. júní.....	7
Uppskeruhátíð sumarlesturs	7
Kick-off.....	7
Kynningardagur	7
Félagsútilega á Grundarfirði.....	7
Jólakvöld.....	7
Umbunardagur foringjaráðs.....	8
Önnur skátamót	8
Gilwell	8
Nefndir	8

Ársskýrsla Hraunbúa

Heiðursmerkjanefnd	8
Skálanefnd	9
Tölvuálfar	9
Samstarf	9
Samstarf við Hafnarfjarðarbæ	9
Samstarf við Björgunarsveit Hafnarfjarðar	9
Samstarf við St. Georgsgildið í Hafnarfirði og Skátagildið Skýjaborgir	10
Árgjald	10
Útilífsskólinn	10
Salarleiga	10
Ferðbúinn	11
Starf sveita	12
Drekaskátasveitirnar Hraunálfar og Grábræður	12
Fálkaskátasveitirnar Rauðskinnur og Riddarar	12
Dróttskátasveitin Ds. Castor	13
Rekkaskátasveitin Asterix og róverskátasveitin Trail	14
DRÖG AÐ DAGSKRÁ HRAUNBÚA VETURINN 2019-2020*	15

STJÓRN HRAUNBÚA STARFSÁRIÐ 2018 -2019

Félagsforingi	Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir
Aðstoðarfélagforingi	Bjarni Freyr Þórðarson
Ritari	Una Guðlaug Sveinsdóttir (kom inn sem 1. varamaður)
Gjaldkeri	Kári Aðalsteinsson
Meðstjórnandi	Guðrún Stefánsdóttir
Meðstjórnandi	Eypór Orri Óskarsson
Meðstjórnandi	Berglind Mjöll Jónsdóttir (kom inn sem 2. varamaður)

Inngangur

Starfsárið 2018-2019 störfuðu í Hraunbúum skátasveitir á öllum aldursbilum, 33 drekaskátar, 32 fálkaskátar, 32 dróttskátar og 10 rekka- og róverskátar auk foringja, stjórnarmeðlima og annarra úr baklandi Hraunbúa. Skátastarfið var fjölbreytt að vanda og margvísleg verkefni leyst af hendi. Ferðir og útilegur voru á sínum stað og auðvitað Vormótið.

Starfsmannamálin á árinu voru með þeim hætti að Guðrún Ásta Gunnarsdóttir rekstrarstjóri fór í fæðingarorlof í lok febrúar. Ragna Engilbertsdóttir starfaði sem verkefnastjóri fram yfir Vormót. Í október 2018 starfaði Sólveig Anna Pálsdóttir sem verkefnastjóri í en í nóvember tók Erla Björg Fanney Þórhallsdóttir við starfinu.

Störf félagsráðs

Störf stjórnar

Stjórn Hraunbúa fundaði á tveggja vikna fresti yfir veturinn en með lengra millibili yfir sumartímann. Á aðalfundi 2018 voru Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir, Bjarni Freyr Þórðarson, Kári Aðalsteinsson, Guðrún Stefánsdóttir, Eyþór Orri Óskarsson, Þórunn Ágústa Halldórsdóttir og Birgir Snær Guðmundsson kosin í stjórn og Una Guðlaug Sveinsdóttir og Berglind Mjöll Jónsdóttir kosnar varamenn. Þórunn Ágústa þurfti síðar að segja sig frá stöðunni.

Á vormánuðum féll Birgir Snær skyndilega frá og var hans minnst á minningarathöfn sem Björgunarsveit Hafnarfjarðar og Hraunbúar stóðu saman að. Það er mikill missir að þessum góða vin og öfluga skáta.

Störf foringjaráðs

Foringjaráð skipa sveitarforingjar og aðstoðarsveitarforingjar, ásamt fulltrúa stjórnar og verkefnastjóra Hraunbúa. Á vorönn var Eyþór Orri Óskarsson formaður foringjaráðs og jafnframt fulltrúi stjórnar. Foringjaráð fundaði á tveggja vikna fresti. Í haust var sú nýbreytni tekin upp að kosinn var annars vegar formaður foringjaráðs og hins vegar skemmtanastjóri foringjaráðs. Fundir voru áfram á tveggja vikna fresti, en annar hvor fundur var formlegur fundur með dagskrá og annar hvor skemmtifundur þar sem foringjar áttu góða stund saman. Formaður foringjaráðs er Harpa Hrönn Grétarsdóttir og skemmtanastjórinn er Kristján Ingi Þórðarson.

Sjálfbóðaliðar

Hraunbúar taka enn þátt í sjálfbóðaliðaverkefni á vegum Evrópu unga fólksins, en þó komu engir sjálfbóðaliðar árið 2018. Unnið er í því að fá sjálfbóðaliða á næstunni.

Viðburðir

Skíðaferð á Akureyri

Félagssráð Hraunbúa skellti sér til Akureyrar á skíði helgina 9.–11. mars 2018. Skátafélagið Klakkur lánaði hópnum nýja skátaheimilið sitt og var þar nóg gistiþláss fyrir alla. Laugardeginum var eytt á skíðum í Hlíðarfjalli og gekk það stórslysalaust fyrir sig. Seinnipart laugardags var farið í sund, ekki skemmdi það fyrir að vera í göngufæri við laugina. Um kvöldið var svo skellt í veislu á veitingastaðnum Greifanum.

Páskabingó

Páskabingó Hraunbúa var haldið miðvikudaginn 28. mars 2018. Í ár var bingóið auglýst með veggspjöldum víðsvegar um bæinn og var mætingin góð. Kaffisala var á staðnum, bingóið með hefðbundnu sniði og vinningarnir flottir að vanda. Töluverður ágóði skilaði sér í skátastarfið.

Sumardagurinn fyrsti

Sumardagurinn fyrsti var með hefðbundnu sniði þar sem Hraunbúar tóku þátt í skátamessu, skríðgöngu og skemmtun. Gengið var frá Hraunbyrgi niður að Thorsplani þar sem tók við fjölbreytt dagskrá á sviði. Jamboree-farar sáu um sjoppu.

Vormót Hraunbúa 2018

78. Vormót Hraunbúa var haldið helgina 8.–10. júní í Krýsuvík. Mótið var innanfélagsmót, þar sem endurskoðun á viðburðinum hefur staðið yfir, og var þar af leiðandi minna í sniðum en venjulega. Hraunbúar fengu til liðs við sig félagi úr víkingafélaginu Rimmugýg sem voru með dagskrána á laugardegi og sunnudegi og svo útbjó skátaflokkurinn Waka Waka næturleik. Gott mót í alla staði.

17. júní

Þjóðhátíðardagurinn var hefðbundinn með flöggun, skrúðgöngu og kaffisölu. St. Georgsgildið og skátagildið Skýjaborgir tóku að sér flöggun og Jamboree-farar sáu um sjoppuna.

Uppskeruhátíð sumarlesturs

Þann 1. september stóð Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir uppskeruhátíð sumarlesturs og fékk Hraunbúa til liðs við sig. Félagið var með poppvél á staðnum auk þess sem fræknir dróttskátar héldu uppi fjörinu með leikjum og sprelli.

Kick-off

Þann 1. september var svokallaður „Kick-off dagur“ Hraunbúa, en þar hittist félagsráð Hraunbúa til að skipuleggja veturinn og hrista hópinn saman. Á fundinum var útbúin dagskrá fyrir veturinn, farið yfir ýmis mál og í lokin var boðið upp á gómsæta hamborgara.

Kynningardagur

Ákveðið var að hafa ekki kynningardag haustið 2018.

Félagsútilega á Grundarfirði

Árleg félagsútilega Hraunbúa var haldin 12.–14. október á Grundarfirði. Þemað var Halloween og voru því búningar og skreytingar í þeim anda áberandi. Skemmtileg dagskrá var alla helgina og góð stemming í hópnum.

Jólakvöld

Þann 13. desember buðu Hraunbúar skátum og foreldrum á jólastund í Hraunbyrgi. Boðið var upp á heitt súkkulaði og smákökur og hægt var að grípa í spil. Á kvöldinu var einnig frumsýning á stuttmynd sem fálkaskátar bjuggu til í sveitarútilegu og vakti hún mikla lukku.

Umbunardagur foringjaráðs

Umbunardagur foringjaráðs fyrir haustönn var haldin laugardaginn 5. janúar 2019. Fyrirhugað hafði verið að fara um miðjan nóvember 2018 en vegna anna var ákveðið að seinka viðburðinum fram í byrjun janúar. Hópurinn hittist í Reykjavík Escape seinnipart dags og skipti sér fjögur lið sem reyndu við mismunandi þrautaherbergi og komust öll liðin út sem verður að teljast frábær árangur. Eftir Reykjavík Escape rölti hópurinn á Hamborgarafabrykkuna og snæddi hamborgara.

Önnur skátamót

Hraunbúar tóku þátt í landsmóti fálkaskáta, sem fór fram á Laugum í Sælingsdal 5.–8. júlí 2018. Einnig var félagið með fulltrúa á landsmóti rekka- og róverskáta í Þórsmörk 12.–15. júlí.

Gilwell

Í janúar 2019 luku tveir Hraunbúar Gilwell-þjálfun, Harpa Hrönn Grétarsdóttir og Betty Jónsdóttir.

Nefndir

Heiðursmerkjanefnd

Í heiðursmerkjanefnd sitja Una Guðlaug Sveinsdóttir og Sigurjón M. Ólafsson. Engin heiðursmerki voru afhent á árinu.

Skálanefnd

Í skálanefnd störfuðu Guðmundur Sigurðsson, Arnar Ingi Guðnason og Sölvi Ólafsson. Sjö hópar komu í skálann og þarf af voru flestir innan Hraunbúa svo skátarnir eru að nýta þetta vel. Önnur félög hafa jafnframt sýnt áhuga á því að koma í skála með engu rafmagni. Gjaldtakan hefur haldist óbreytt undanfarið. Það fer að koma tími á viðhald á svæðinu, til dæmis þarf að lagfæra túnið fyrir framan. Vonast er til að skálinn verði nýttur betur á þessu starfsári.

Tölvuálfar

Tölvuálfar er nefnd sem starfar innan Hraunbúa sem sér um rekstur og viðhald á tölvu- og símabúnaði hér í Hraunbyrgi. Í nefndinni eru Bjarni Freyr Þórðarson og Guðvarður Ólafsson. Hraunbyrgi fékk loks tengingu við ljósleiðarann og í framhaldi af því flutti félagið sig úr Símanum yfir til Nova með alla internet- og símaþjónustu. Á árinu var jafnframt skipt um heimasíðu fyrir félagið og er vonast til að upplýsingagjöf verði skilvirkari í kjölfarið. Fyrirtækið Allra átta tók að sér heimasíðugerðina og leysti það vel af hendi.

Samstarf

Samstarf við Hafnarfjarðarbæ

Að vanda hefur Hafnarfjarðarbær stutt dyggilega við félagið og skáta þess með rekstrarsamning og frístundastyrkjum. Hraunbúar stóðu fyrir glæsilegum hátíðarhöldum á sumardaginn fyrsta og settu mark sitt á 17. júní með skrudgöngu og sjoppu.

Samstarf við Björgunarsveit Hafnarfjarðar

Samstarfssamningur Hraunbúa og BSH er enn í gildi og stóð sveitin vaktina á Vormóti að vanda.

Samstarf við St. Georgsgildið í Hafnarfirði og Skátagildið Skýjaborgir

Gott samstarf er á milli gildanna og Hraunbúa. Til dæmis hafa gildin tekið að sér að sjá um flöggun á 17. júní. Svo hefur það alltaf verið auðsótt að fá Skátalund fyrir ýmsa viðburði félagsins. Félagar í gildunum hafa einnig stökkið inn í mörg tilfallandi verkefni til að aðstoða við hverskonar tækifæri.

Árgjald

Árgjald fyrir starfsárið 2018 -2019 var óbreytt, eða fyrir dreka – og fálkaskáta 32.000 kr., fyrir dróttskáta 36.000 kr. og 14.000 kr. fyrir rekka- og róverskáta. Hafnarfjarðarbær styrkir börn bæjarins í æskulýðsstarfi eins og undanfarin ár og þurfa foreldrar að skrá börn sín á síðu bæjarins til að fá niðurgreiðslu á árgjöldum. Niðurgreiðslan fer eftir aldri og hvenær foreldrar sækja um til bæjarins.

Útilífsskólinn

Útilífsskóli Hraunbúa var starfræktur sumarið 2018. Boðið var upp á 2 aldursflokka og samtals um níu námskeið. Námskeiðin voru mjög vinsæl og fullt í þau öll. Erfiðlega gekk að manna Útilífsskólann sem hafði áhrif á hversu mörgum þátttakendum var hægt að taka við. Þrátt fyrir það heppnuðust námskeiðin vel og var almenn ánægja með þau.

Salarleiga

Salarleigan gekk vel á síðasta ári. Gerðar voru þær breytingar að hætt var að óska eftir að leigjendur kæmu í Hraunbyrgi til að undirrita leigusamninga en þess í stað fá þeir senda leiguskið fyrir salinn og teljast samþykka þá með því að greiða staðfestingargjaldið. Ákveðið

var að leigja dúka frá dúkaleigu þar sem afföll voru mikil vegna bletta og hefur það gengið vel. Fjárfest var í nýjum myndvarpa og tjaldi og er vonast til að það muni auka nýtinguna á salnum enn frekar. Til þessa hefur salurinn verið mest nýttur fyrir fermingar, erfidrykkjur og gistingu fyrir hópa.

Ferðbúinn

Hraunbúar skipta rekstrinum sínum upp í tvennt og eiga að fullu fyrirtækið Ferðbúinn ehf. sem sér um rekstur hússins, farfuglaheimilis og tjaldsvæðis. Þar eru rekstrarliðir eins og rafmagn, hiti, öryggisgæsla, tryggingar, viðhald húsnæðis, símakostnaður, internet, sorphirða, bókhald og greiðsla skuldabréfs vegna hússins. Á árinu 2018 var lokagjalddagi skuldabréfsins.

Starfsemi farfuglaheimilis og tjaldsvæðis gekk ágætlega síðasta sumar. Eftir að hafa farið yfir rekstur ársins lagði stjórn Ferðbúans til við stjórn Hraunbúa að breyting yrði á rekstri farfuglaheimilisins á árinu 2019. Sú breyting felst í því að eingöngu verði tekið á móti hópum í gistingu en rekstur tjaldsvæðis verði þó með óbreyttu sniði. Stjórn Hraunbúa samþykkti þessar breytingar á stjórnarfundum í janúar 2019. Með þessum breytingum binda stjórnir félaganna vonir við að minnka álag á húsnæði og starfsmenn og lækka rekstrar- og launakostnað. Gert er ráð fyrir að tekjur lækki eitthvað en þó minna en kostnaðarliðir og ættu því þessar breytingar að hafa jákvæð áhrif á niðurstöðu rekstrar.

Stjórn Ferðbúans skipa Elfa Björg Aradóttir stjórnarformaður, Unnur Svavarsdóttir og Ásdís Dögg Ómarsdóttir. Unnur og Ásdís hafa viðtæka reynslu af rekstri í ferðaþjónustu. Elfa hefur viðtæka reynslu af fjármálum og rekstri fyrirtækja.

Starf sveita

Drekaskátasveitirnar Hraunálfar og Grábræður

Á vorönn 2018 var ein blönduð drekaskátasveit starfandi. Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir hafði umsjón með sveitinni en margir úr foringjahóp og baklandi komu til aðstoðar og sáu um fundi. Starfið var fjölbreytt og mikið fjör á fundum. Nýir foringjar tóku við Drekaskátum í september 2018. Brynhildur Hafsteinsdóttir tók við Hraunálfum og fékk með sér Laufeyju Matthildi Friðriksdóttur, Dagnýju Lilju Svansdóttur og Víolettú Ósk Gränz Agnarsdóttur. Harpa Hrönn Grétarsdóttir tók við Grábræðrum og fékk með sér Andrés Blæ til að sinna því. Sigrún Maggý Haraldsdóttir hefur svo verið á kantinum hjá báðum sveitum og mikil hjálp í því. Starfið hefur verið unnið saman, fundartímar eru á mánudögum kl. 17:00–18:00 og er stundum skipt upp í hópa eftir því sem verkefni krefjast, skipt eftir sveitum eða jafnvel bara talið í hópa. Til að byrja með voru um 10 strákar og 7 stelpur en eftir því sem liðið hefur á starfsárið hefur fjölgað í hópnum og enginn hefur hætt sem byrjaði í upphafi. Ekki hafa verið farnar neinar ferðir með hópinn, hópurnir er mjög skemmtilegir en jafnframt krefjandi og hefur það komið sér vel að hafa marga aðstoðarforingja. Það hefur verið margt stússað á fundum, súrrað, sigið, ratað eftir korti, farið í leiki og fyrst og fremst höfum við reynt að kynnast sem allra best til að leggja góðan grunn að starfinu eftir áramót. Utan funda er áætlað að taka þátt í Drekaskátadeginum, fara í sveitaferð og á Drekaskátamót og margt fleira spennandi. Reynt hefur verið að halda foreldrum vel upplýstum um starfið og í því skyni haldið úti Facebook-hópi þar sem upplýsingar um fundina koma fram, einnig hafa tölvupóstur verið nýttir til upplýsinga. Ævintýrið er rétt að byrja og foringjar hlakka til að takast áfram á við krefjandi og skemmtilega sveit í leik og starfi.

Fálkaskátasveitirnar Rauðskinnur og Riddarar

Á vorönn 2018 voru Eyþór Orri Óskarsson, Kristján Ingi Þórðarson, Sigrún Maggý Haraldsdóttir og Sindri Friðriksson sveitarforingjar fálkaskáta. Starfið gekk vel og var hópurnir fjölmennur. Fundir gengu vel í kjölfar þess að skipulag starfsins var lagað og fengu foringjar stuðning frá stjórn með að koma á flokkakerfi. Unnin voru verkefni í flokkunum sem nýttust jafnframt sem

Ársskýrsla Hraunbúa

undirbúningur fyrir Vormót. Skátarnir gerðu mikið af skemmtilegum hlutum eins og útilegu í Lækjarbotnum og ferð á Vormót Hraunbúa. Starfsárinu lauk svo á Landsmóti fálkaskáta í Dalabyggð. Þar skemmtu sér allir konunglega og foringjarnir líka. Á haustönn 2018 tóku nýir foringjar við fálkaskátum, þau Claus Hermann Magnússon, Daníel Kárason, Sigrún Maggý Haraldsdóttir, Thelma Líf Sigurðardóttir og Víóletta Ósk Gränz Agnarsdóttur. Auk þess hefur Ásdís Elín Guðmundsdóttir aðstoðað við starfið og Anna Íris Pétursdóttir var foringi hluta af önninni og í sérstökum verkefnum. Í sveitinni eru í kringum 22 fálkaskátar og eru fundartímar á miðvikudögum klukkan 18:00-19:30. Sveitarútilega fálkaskáta fór fram 30. nóvember–2. desember í Lækjarbotnum, í hana mættu 14 skátar og var helgin nýtt í að vinna að færnimerkjum. Færnimerkin sem voru í boði voru neisti, aðstoðarkokkur og sjónlist. Einhverjir hnökra voru á skipulagi og flokksfundum í upphafi annar, en unnið var úr því og eru flokkarnir farnir að vinna meira saman. Einnig fóru nokkrir fundir í að kenna krökkunum skátaheitið en til þess var notað púsluspil þar sem skátarnir þurftu að púsla saman skátaheitinu og þótti það skemmtileg kennsluáferð. Á einum fundi unnu flokkarnir að verkefnum tengdum Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og er stefnt á að halda því áfram á vorönn.

Dróttskátasveitin Ds. Castor

Á vorönn 2018 voru Ingunn Káradóttir og Sölvi Ólafsson sveitarforingjar Ds. Castor og tók sveitin m.a. virkan þátt í Vormóti Hraunbúa. Haustið 2018 tóku Eypór Orri Óskarsson, Kristján Ingi Þórðarson, Sandra Björk Bragadóttir og Sindri Friðriksson við sem sveitarforingjar. Fjöldinn hefur tekið einhverjum breytingum yfir önnina en nú eru krakkarnir um það bil 15 og eru það mjög öflugir og flottir skátar. Önnin hófst á útilegu í Hverahlíð sem krakkarnir skipulögðu að mestu sjálf, einnig var farið í félagsútilegu Hraunbúa í október og svo var sleepover í desember. Árið 2019 fór líka vel af stað með útilegu í Bæli á Hellisheiðinni og stefnt er á að hafa innilegu í Hraunbyrgi í maí eða rétt fyrir Vormót. Unnið er að því að byrja með nýtt skipulagskerfi (dagskrárhringinn) um mánaðarmótin febrúar-mars. Þá verður unnið að einu þema í senn á þremur til fjórum fundum. Starfið er búið að ganga vel og stefna einhverjir úr hópnum á að fara á Alheimsmót í Bandaríkjunum sumarið 2019. Sveitin hefur nýtt eldstæðið við Hraunbyrgi vel í

Ársskýrsla Hraunbúa

ýmis verkefni eins og útieldun og varðeldagerð. Þegar snjórinn kom var haldið út að renna á loftdýnum.

Rekkáttasveitin Asterix og róverskáttasveitin Trail

Margir meðlimir Asterix og Trail eru sveitarforingjar eða í stjórn en hittast einnig á sunnudögum til að sinna sínu starfi sem óbreyttir skátar. Til dæmis var efnt til piparkökuhúsakeppni fyrir jólin með glæsilegum árangri.

DRÖG AÐ DAGSKRÁ HRAUNBÚA VETURINN 2019-2020*

- Febrúar – kvöldvaka
- Apríl – Páskabingó
- Júní – Vormót
- Ágúst/september – Kick-off og kynningardagur
- Október – Félagskvöldvaka
- Október/nóvember – Félagsútilega
- Desember – Jólafundur

**Dagskrá verður endurskoðuð í upphafi næsta starfsárs 2019-2020.*